

Hverfisráð Hlíða

Ár 2017, fimmtudaginn 18. maí, var haldinn 141. fundur hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn að Laugavegi 77 og hófst kl. 16.30 Viðstödd voru: Margrét M Norðdal, Hrefna Guðmundsdóttir, Örn Þórðarson, Svala Arnardóttir, Kristján Freyr Halldórsson, Gissur Guðmundsson áheyrnarfulltrúi og Tryggvi Scheving Thorsteinsson áheyrnarfulltrúi Íbúasamtaka Hlíða. Þá sat fundinn Sigprúður Erla Arnardóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Fram fer kynning á verkefnum úr Hverfið mitt sem fara í kosningu í haust.
Kristinn Jón Eysteinnsson, Róbert Eyjólfsson, Þórólfur Jónsson og Jökull Pálmar Jónsson frá umhverfis- og skipulagssviði og Unnur Margrét Arnardóttir frá skrifstofu borgarstjóra taka sæti á fundi undir þessum lið.
2. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 27. apríl 2017, vegna aðalskipulags Reykjavíkurborgar, veitinga- og gististaðir.
3. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 21. mars 2017, vegna göngubrúar yfir Miklubraut á kaflanum frá Lönguhlíð að Kringlumýrarbraut.
Frestað.
4. Lögð fram svör umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 17. maí 2017, varðandi deiliskipulags á Kringlumýrarbraut frá Miklubraut að Bústaðavegi, gönguljósa yfir Snorrabraut við Austurbæ og öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda yfir Kringlumýrarbraut við Listabraut og við gönguljós yfir Kringlumýrarbraut til móts við Suðurver.
Frestað.
5. Lagt fram erindi vegna styrks sem Hverfisráðið veitti var árið 2016 þar sem óskað er eftir leyti til þess að nýta styrk með öðrum hætti en umsóknin hljóðaði.
Samþykkt sem tilraunaverkefni.
6. Tekið fyrir erindi vegna styrkumsóknar á hverfahátíð í Suðurhlíðum.
Samþykkt að styrkja verkefnið um 50.000,- kr.
7. Lagt fram svar frá skóla- og frístundasviði sem barst í tölvupósti 16. maí 2017 vegna uppbyggingar á leik- og grunnskóla við Hlíðarenda.
8. Fram fara umræður um fund Hverfisráða sem fram fór 16. maí 2017.

Fundi slitið kl. 18.45

Margrét M. Norðdahl

Örn Þórðarson
Kristján Freyr Halldórsson

Svala Arnardóttir
Hrefna Guðmundsdóttir